

5 Sjóðstjórnin ákveður hverjum börnum skuli úthluta styrk og á hvern hátt.
5. jan. Styrk úr sjóðnum verður í fyrsta skipti úthlutað í byrjun ársins 1945.

7. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 30. desember 1943.

Fyrir hönd okkar hjóna.

Ísak Jónsson.

6
21. jan.

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Ísafjarðarkaupstað,
nr. 22 1. september 1936.

Auk þeirra gjalda, sem hækkuð voru um 100% með reglugerð nr. 166 7. okt. 1940, skulu önnur gjöld til hafnarinnar vera 100% hærri en þau voru ákveðin í hafnarreglugerðinni nr. 22 1. september 1936.

Gjald af ísvörðum fiski skal vera 40 aurar fyrir hver 100 kg.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 34 19. júní 1922, sbr. lög nr. 88 3. maí 1935, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 59 10. apríl 1942, um breytingu á hafnarreglugerðinni.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. janúar 1944.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

7
2. febr.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 146 19. júní 1943, um skömmun á hjólbörðum og slöngum til bifreiða.

Sett samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar hljóði þannig:

Bannað er að selja bifreiðagúmmí nema kaupandi skili innkaupaleyfi frá bifreiðaeftirlitsmanni.

Engum verður þó afhent meira á ári en hér segir:

Fyrir hverja vörubifreið, sérleyfisbifreið eða leigubifreið til mannflutninga 4 hjólbarðar og 4 slöngur.

Fyrir hverja einkabifreið 2 hjólbarðar og 2 slöngur.

Skömmunarskrifstofa ríkisins getur gefið undanþágu frá þessum ákvæðum, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.